

AUGLÝSING um deiliskipulag í Kópavogi.

Lundur. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs þann 14. desember 2004 samþykkt tillögu að deiliskipulagi Lundar við Nýbýlaveg. Deiliskipulagssvæðið afmarkast af lögsögumörkum Kópavogs og Reykjavíkur til norðurs, íbúðarbyggð við Birkigrund til austurs, Nýbýlavegi til suðurs og Hafnarfjarðarvegi til vesturs.

Í tillögunni felst heimild til að byggja 384 íbúðir að stofni til í fjölbýli en austast á svæðinu næst núverandi byggð við Birkigrund, er gert ráð fyrir sérbýli, bæði raðhúsum og parhúsum. Hæð sérbýlisins verður 1-2 hæðir. Upp við Nýbýlaveg er gert ráð fyrir fjórum 8 til 9 hæða byggingum auk kjallara og þakhæðar en neðar á svæðinu verða 2-5 hæða klasabyggingar. Þéttleiki byggðarinnar er áætlaður um 40 íbúðir á ha og fjöldi íbúa um 1.100.

Deiliskipulagtillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 ásamt greinargerð og skilmálum dags. 4. maí 2004, breytt 18. maí 2004 og yfirfarin 14. september 2004, 14. desember 2004 og 10. mars 2005.

Með tilvísan í framkomnar athugasemdir og ábendingar voru samþykktar eftirfarandi breytingar á framlögðum gögnum:

- *Framkvæmdum* við sérbýli austan til á deiliskipulagssvæðinu, yfir mögulegum Kópavogsgöngum, verði *frestað*. Um er að ræða 3 parhús og 3 raðhús við C-götu með samtals 15 íbúðum.
- Í endanlegri hönnun Nýbýlavegar verði reynt að minnka færslu vegarins til norðurs eins og frekast er unnt.
- Í skipulagsskilmálum hefur umfjöllun um hljóðvist verið endurbætt og gerð ítarlegri bæði í almennum ákvæðum og sérákvæðum. Þá hefur greinargerð Almennu verkfræðistofunnar um hljóðvist í Lundarhverfi dags. 20. apríl 2004 verið bætt við skilmálaheftið.
- Trjálundur við Nýbýlaveg hefur verið afmarkaður á skýringaruppdrátt deiliskipulagsins.
- Dagsetningar á uppdráttum yfirfarnar.

Tengingar Hafnarfjarðarvegjar, Skeljabrekku og Nýbýlavegjar. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs samþykkt þann 14. desember 2004 tillögu að deiliskipulagi tenginga Hafnarfjarðarvegjar, Skeljabrekku og Nýbýlavegjar. Í tillögunni er gert ráð fyrir að tengja rampa af Hafnarfjarðarvegi inn í núverandi legu Skeljabrekku sem tengist síðan Nýbýlavegi með hringtorgi. Gert er ráð fyrir „nýrri Skeljabrekku“ á stuttum kafla, austan þeirrar sem nú er. Mun hún tengjast inn í Dalbrekku. Í tillögunni kemur jafnframt fram færsla Nýbýlavegjar til norðurs á móts við húsinn að Nýbýlavegi 2-32, hringtorg á gatnamótum Nýbýlavegjar, Auðbrekku og nýrrar götu að fyrirhuguðu Lundarsvæði, aðkoma að fyrirhugaðri þjónustustöð/bensínstöð við Nýbýlaveg, undirgöng og gönguleiðir. Deiliskipulagstillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 ásamt greinargerð dags. 4. maí 2004 og breytt 18. maí 2004 og 10. febrúar 2005.

Uppdrættir fyrir báðar skipulagsáætlanirnar hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Nánari upplýsingar eða gögn um ofangreindar deiliskipulagsáætlanir og afgreiðslu þeirra er hægt að nálgast á bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 200 Kópavogi, milli kl. 8.00 og 16.00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8.00 til 14.00.

Kópavogi, 15. mars 2005.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.